

## Fundargerð

Mánudaginn 27. júlí 2009 kl. 10:30 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósþéjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jón Gíslason, Valgeir Karlsson og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

- 1. Staða gagnavers**
- 2. Ársreikningur 2008**
- 3. Framkvæmdir við Kvennaskólann**
- 4. Bréf frá Gunnari T. Halldórssyni**
- 5. Samningar byggðasamlagsins**
- 6. Önnur mál**

### Afgreiðslur:

**1. Staða gagnavers**

*Jóhannes Geir Sigurgeirsson i fór yfir stöðu gagnavers á Blönduósi ásamt framkvæmdastjóra.*

**2. Ársreikningur 2008**

*Bæjarstjóri kynnti ársreikning byggðasamlagsins.*

*Stjórnin samþykkir ársreikninginn.*

**3. Framkvæmdir við Kvennaskólann**

*Stefán Árnason, byggingafulltrúi Blönduósþéjar, mætti á fundinn og gerði grein fyrir framkvæmdaáætlun um lagfæringar á Kvennaskólanum.*

*Stjórn byggðasamlagsins samþykkir framkvæmdaáætlunina.*

**4. Bréf frá Gunnari T. Halldórssyni**

*Gunnar mætti á fundinn og kynnti hugmyndir sínar um eflingu Héraðsskjalasafnsins.*

*Formaður þakkaði Gunnari áhugaverðar ábendingar.*

*Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Unnar Þór Ingvarsson héraðsskjalavörð Skagafjarðar.*

**5. Samningar byggðasamlagsins**

*Framkvæmdastjóra falið að taka saman og leggja fyrir alla samninga er snerta húsnæði Kvennaskólans svo og aðra samninga byggðasamlagsins.*

### **6. Önnur mál**

*Stjórn byggðasamlagsins samþykkir að selja Ábrautina 33 og 35 að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Framkvæmdastjóra falið að vinna nánar að málinu.*

*Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.*